

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við gerð bindandi álita í skattamálum.

1. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra og ríkisskattstjóri hafa af gerð bindandi álita í skattamálum skal hver sá sem óskar eftir álitu greiða gjald eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar beiðni um bindandi álit er lögð fram skal greiða grunngjald kr. 50.000. Að auki skal greiða 4000 kr. viðbótargjald fyrir hverja vinnustund við gerð bindandi álits umfram 10 vinnustundir áður en álituð er látið uppi.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða grunngjald ef álitsbeiðandi dregur beiðni sína um bindandi álit til baka áður en vinna hefst við gerð álitsins. Ennfremur er heimilt að endurgreiða allt að helming grunngjaldsins ef beiðni um bindandi álit er vísað frá án þess að þörf sé á sérstökum rökstuðningi. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. gr. um frávísanir.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 7. gr. laga nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum, og 4. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Erla Þ. Pétursdóttir.